



Verulega hefur dregið úr rekstrarhagnaði hótela og gistiheimila


Verulega hefur dregið úr rekstrarhagnaði hótela og gistiheimila undanfarin ár. Árið 2018 nam rekstrarhagnaður þeirra að teknu tilliti til afskrifta (EBIT) um 8,5 mö.kr. sem gerir um 9,3% af tekjum, en tekjurnar námu tæpum 92 mö.kr. Til samanburðar nam rekstrarhagnaðurinn um 12 mö.kr. árið 2016 þegar hann var mestur og var hann þá 14,7% af tekjum. Rekstrarhagnaðurinn dróst saman milli árunna 2016 og 2017, þegar hann nam 9,2 mö.kr., og einnig á milli 2017 og 2018. Þrátt fyrir lækkun rekstrarhagnaðar undanfarin ár var hann enn töluvert hár árið 2018 í sögulegu ljósi og einungis hærri árin 2016 og 2017.

Rekstrarhagnaður á herbergi dróst meira saman


Rekstrarhagnaðurinn lækkaði um 23% 2017 og 8% 2018. Lækkunin er þó enn meiri sé horft á rekstrarhagnað á hvert herbergi en herbergjum fjölgaði bæði 2017 og 2018, um 7,9% 2017 og 6,8% 2018. Út frá því má ætla að rekstrarhagnaður á herbergi hafi dregist saman um 28,4% árið 2017 og 13,8% 2018. Rekstrarhagnaður á herbergi margfaldaðist á fyrstu árum uppsveiflunnar í ferðapjónustu sem hófst árið 2011 og fjórfaldaðist t.a.m. á milli árunna 2010 og 2013.

Rekstrarkostnaður hækkar meira en rekstrartekjur

Lækkandi rekstrarhagnað á milli 2016 og 2018 má einfaldlega skýra með því að rekstrarkostnaður jókst meira en rekstrartekjur. Tekjurnar jukust um 6,8 ma.kr. árið 2017, eða 8,4%, og 3,6 ma.kr. árið 2018, eða 4,1%. Rekstrarkostnaður jókst hins vegar um 9,4 ma.kr., eða 14,3%, árið 2017 og 4,2 ma.kr. árið 2018, eða 5,6%. Aukinn rekstrarkostnað má rekja til aukins launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar utan vöru- og hráefniskostnaðar. Launakostnaður og annar rekstrarkostnaður jukust hvor fyrir sig um tæpan fjórðung milli 2016 og 2018. Tekjuvöxturinn árin 2017 og 2018 var töluvert minni en árin á undan og má rekja það fyrst og fremst til minni fjölgunar gistinátta á hótelum og gistiheimilum. Á



EBIT (%) - EBIT sem hlutfall af tekjum
Heimild: Hagstofa Íslands



Breyting frá fyrra ári
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



milli 2016 og 2018 fjölgaði herbergjum á hótélum og gistiheimilum um 15,2%.


Rekstrartölurnar hér að ofan markast af nokkrum mjög stórum rekstraraðilum. Alls eru fyrirtækin sem tölurnar ná til 659 talsins og tekjur þeirra námu tæpum 92 mö.kr. árið 2018 sem gera um 140 milljónir króna á hvert fyrirtæki. Til samanburðar námu tekjur Icelandair hótela 12,1 mö.kr. árið 2018 sem gera um 13,2% allra tekna hótela og gistiheimila það árið. Stór hluti fyrirtækjanna í úrtakinu er því með árstekjur upp á nokkra tugi milljóna króna.

Rekstrarhagnaður breytilegur eftir staðsetningu gistingar


EBIT er verulega mismunandi eftir staðsetningu. KPMG hefur birt rekstrartölur hjá hótélum á fyrri hluta ársins á síðustu árum fyrir annars vegar höfuðborgarsvæðið og hins vegar landsbyggðina. Þar hefur komið fram mjög skýr munur í rekstri. Þannig hefur EBITDA sem hlutfall af tekjum ávallt mælst neikvætt á árunum 2016-2018 á landsbyggðinni en ávallt mælst jákvætt á sama tímabili fyrir höfuðborgarsvæðið. EBITDA sem hlutfall af tekjum lá á bilinu -6,4 til -9,9% á þessu tímabili á landsbyggðinni en á bilinu 6,8 til 10,1% á höfuðborgarsvæðinu.

Rekstrarhagnaður á herbergi hélt líklega áfram að lækka í fyrri

Ekki liggja fyrir tölur um rekstrarhagnað á herbergi fyrir síðasta ár. Hann mun þó að öllum líkindum hafa haldið áfram að dragast saman í fyrri. Fyrir því má telja upp ýmsar ástæður og vísbendingar. Í fyrsta lagi fjölgaði herbergjum á hótélum og gistiheimilum um 6,8% á fyrstu 11 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil árið áður. Í öðru lagi lækkaði verð á gistingu (eins og hún mælist í vísitölu neysluverðs) á síðasta ári um 2,1% í krónum talið en þetta er í fyrsta skipti sem verð á gistingu lækkar milli ára hér á landi. Í þriðja lagi fækkaði gistinóttum á hótélum og gistiheimilum um 1,3% á fyrstu 11 mánuðum ársins borið saman við sama tímabil árið áður.



Fyrri hluti hvers árs
Heimild: KPMG



Fjölgun herbergja og gistinátta miðast við fyrstu 11 mánuði hvers árs
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.